



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

30
09 20
21

Sellókonsert Dvořák



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

infinite image: 9'

Sellókonsert: 40'

Konsert fyrir hljómsveit: 30'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandicsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

30|09

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

Sellókonsert Dvořáks

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Peter Oundjian
hljómsveitarstjóri

Jonathan Swensen
einleikari

Efnisskrá

Halldór Smáráson
infinite image (2016)

Antonín Dvořák
Sellókonsert í h-moll op. 104 (1894–95)
Allegro
Adagio ma non troppo
Finale. Allegro moderato

Hlé

Joan Tower
Konsert fyrir hljómsveit (1991)
Part I –
Part II

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



Peter Oundjian

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Hljómsveitarstjórinn Peter Oundjian er fæddur í Toronto í Kanada en er af ensku og armensku bergi brotinn. Hann stundaði fiðlunám við Royal College of Music í Lundúnum og hjá Ivan Galamian, Itzhak Perlman og Dorothy DeLay við Juilliard-tónlistarskólann. Hann var um 14 ára skeið fyrsti fiðluleikari hins heimskunna Tókýó-strengjakvartetts og kom fram með honum á tónleikum víða um heim, en neyddist til að leggja fiðluna á hilluna vegna þráláttra álagsmeiðsla. Þá hóf hann feril sinn sem hljómsveitarstjóri og gegndi stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Toronto frá 2004–2018 auk þess sem hann var aðalstjórnandi Royal Scottish National Orchestra um sex ára skeið. Hann leiðir nú hljómsveitarstarf við Yale-háskóla í Bandaríkjunum auk þess sem hann er eftirsóttur gestastjórnandi víða um heim.

Þetta er í þriðja sinn sem Peter Oundjian stjórnar tónleikum í Hörpu. Hann stjórnaði tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2012, þar sem Hilary Hahn lék einleik í fiðlukonserti eftir Mozart og hljómsveitin flutti sínfóníu nr. 11 eftir Dmítríj Shostakovitsj. Hann kom svo aftur hingað til lands með Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto árið 2014 og stjórnaði þá meðal annars Sinfónískum dönsum eftir Rakhmanínoff.



Jonathan Swensen

EINLEIKARI

Danski sellóleikarinn Jonathan Swensen er aðeins tuttugu og fimm ára gamall en hefur undanfarin ár sópað að sér verðlaunum í alþjóðlegum keppnum. Hann hlaut Young Concert Artists-verðlaunin árið 2018 og vann til fyrstu verðlauna í Windsor-strengjakeppninni árið 2019 auk þess sem hann hlaut Léonie Sonning-verðlaunin í heimalandi sínu fyrir framúrskarandi leik.

Jonathan Swensen hefur leikið með fjölda hljómsveita, m.a. hljómsveitinni Fílharmóníu, Sinfóníuhljómsveitinni í Porto, og Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar. Hann hefur einnig komið fram á fjölda tónleika og hátíða, meðal annars á tónlistarhátíðinni í Tívoli, auk þess sem hann hefur haldið einleikstónleika í New York og Washington D.C. Hann stundaði nám við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og við Norsku tónlistarakademíuna í Ósló þar sem Torleif Thedéen var kennari hans. Hann sækir nú tíma hjá Laurence Lesser við New England Conservatory í Boston.



Halldór Smáráson

INFINITE IMAGE

Stórborgin New York hefur laðað til sín margan tónlistarmanninn gegnum árin. Hún er einmitt rauði þráðurinn sem tengir saman verkin á efnisskrá kvöldsins, því að öll þrjú tónskáldin hafa búið þar og starfað á ólíkum hlutum ferils síns. Fyrir hlé hljóma verk tveggja Evrópubúa sem héldu þangað með ríflega aldar millibili – annar til náms en hinn til starfa sem skólastjóri – en eftir hlé verður flutt verk eftir tónskáld sem hefur verið búsett í borginni stóran hluta ævinnar.

Halldór Smáráson (f. 1989) hefur vakið mikla eftirtekt á undanförunum árum fyrir hæfileika sína og fjölhæfni. Hann er fæddur á Ísafirði og stundaði nám þar í bæ og síðar við Listaháskóla Íslands og Manhattan School of Music. Meðal kennara hans eru Reiko Füting, Atli Ingólfsson og Sigríður Ragnarsdóttir. Halldór hefur starfað með fjölda tónlistarmanna og hópa, m.a. Ensemble intercontemporain, Fílharmóníusveit Franska útvarpsins og Sinfóníettunni í Ósló.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur verksins infinite image. Sinfóníuhljóm-sveit Íslands hefur áður flutt verkið rekast eftir Halldór Smáráson, á tónleikum vinnustofunnar Yrkju undir stjórn Daníels Bjarnasonar árið 2016.

Verkið infinite image var samið að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er frumflutt á tónleikunum í kvöld. Halldór samdi verkið undir áhrifum frá ljóðinu Þoka eftir Sigurð Pálsson, sem er einstaklega myndrænt og litríkt. Líkt og ljóðið hverfist tónverkið í kringum mörkin milli hins sjáanlega og ósjáanlega, hins heyrnanlega og óheyrnanlega.

boka

Við gengum á grjóthellum virtist vera en samt var stundum mjúkt undir fæti. Voru það mosabreiður?

Pokan var svo þykk að ekki var hægt að sjá niður fyrir sig. Hvítt og grátt á stöðugu iðandi kynjamyndafökti.

Þá lokaði ég augunum og hallaði höfðinu til hliðar og lét það hvíla við hennar.

Smám saman sá ég grænar myndir og var þess fullviss að hún sæi þær líka. Grænar myndir áþekkar grasbylgjandi víðáttumiklum túnum í undarlegu samblandi tvívíddar og þrívíddar. Með myndunum var sjávarniður.

Ég var þess fullviss að hún sæi nákvæmlega sömu sýnir og ég. Því til staðfestingar opnaði ég augun, leit á hana. Hún brosti. Engin hljóð voru til nema niður sjávarins. Hvítar og gráar þoku-myndir voru horfnar. Fyrir augunum höfðum við óendanlega mynd í ótal grænum blæbrigðum. Einhvers konar sambland af haffleti og túni.

Áfram liðum við eins og við værum í hraðskreiðum báti.

Smám saman seytlaði sú vissa fram í hugum okkar samstilltum að ekkert myndi stöðva augun annað en ljómandi sýn við sjóndeildarhring.

Um morguninn reis Ísland úr hafi eins og risavaxið skip úr frostrósum.

Sigurður Pálsson
Ljóð námu völd, 1990



Antonín Dvořák

SELLÓKONSERT

Antonín Dvořák (1841–1904) var enginn heimsborgari og hvergi kunnir hann betur við sig en í sveitum Bæheims. Það kom því vinum hans í opna skjöldu þegar hann síðla árs 1891 tók boði um að halda vestur um haf til New York og taka þar við stöðu skólastjóra National Conservatory of Music.

Í september 1892 höfðu Dvořák og eiginkona hans hreiðrað um sig á East 17th Street, þar sem þau héldu heimili næstu þrjú árin. Vesturheimsdvölin var um margt ánægjuleg. Auk skólastjórarstarfsins bauðst Dvořák að stjórna helstu hljómsveitum Bandaríkjanna, meðal annars í nýbyggðri tónleikahöll Andrews Carnegie á 57. götu. En Dvořák var þjakaður af heimþrá og vorið 1895 hafði hann fengið sig fullsaddann af lífinu í stórborginni. Síðasta verkið sem hann samdi í New York var sellókonsert sem hann lauk við snemma árs við mikinn létti. „Guði sé lof, 9. febrúar 1895, klukkan hálf tólf að morgni,“ skrifaði hann þegar glíman var á enda.

Dvořák hafði haft efasemdir um að sellóið væri hentugt einleikshljóðfæri með hljómsveit. Honum snerist hugur eftir að hafa heyrt bandaríska sellistann og tónskáldið Victor Herbert, sem var fyrsti sellóleikari Metropolitan-hljómsveitarinnar, flytja eigin sellókonsert vorið 1894. Útkoman hjá Dvořák varð einn glæsilegasti sellókonsert sögunnar. Sagan segir að sellistinn Robert Hausmann hafi leikið verkið fyrir hinn aldna Johannes Brahms árið 1897. Þegar flutningnum var lokið á Brahms að hafa sagt: „Af hverju sagði mér enginn að það væri hægt að semja svona sellókonsert? Hefði ég vitað það væri ég löngu búinn að semja einn slíkan!“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sellókonsert Dvoráks hefur hljómað 20 sinnum í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Erling Blöndal Bengtsson frumflutti hann hér á landi 1950 og lék hann aftur 1970 og 1977. Mstislav Rostropovitsj lék konsertinn 1954 og aftur 1978, í seinna skiptið undir stjórn Vladimirs Ashkenazy. Tveir aðrir sellistar hafa einnig flutt konsertinn í tvígang, Ralph Kirshbaum (1974 og 1989) og Bryndís Halla Gylfadóttir (1992 og 2002). Steven Isserlis lék einleik 1998 og Alban Gerhardt 2006, en síðast flutti Andreas Brantelid konsertinn árið 2016.

Ólíkt hinni víðfrægu sífóníu „úr nýja heiminum“ er selló-konsertinn ekki tilraun til að blanda saman evrópskum og amerískum áhrifum. Þess í stað er engu líkara en að Dvořák sé þegar kominn aftur á heimaslóðir í huganum. Fyrsti þáttur verksins er í hefðbundnu konsert-sónötuforni: hljómsveitin kynnir tvö meginstef til sögunnar og því næst fær sellistinn að spreyta sig. En þótt ytra formið sé samkvæmt bókinni eru stefin sjálf langt frá því að vera hversdagsleg. Hið fyrra er þungbúið, hefur jafnvel yfir sér útfararblæ. Seinna stefið, sem hornið kynnir til sögunnar, er svo fagurt að það hefði líklega tryggt vinsældir konsertsins þótt ekki hefði annað komið til.

Hægi kaflinn hefst á undurfögru klarínnettustefi en síðan tekur við dramatískur millikaflur þar sem sellóið leikur m.a. hendingar úr eldra sönglagi Dvořáks. Konsertinum lýkur á kraftmiklum rondóþætti sem hefur tékkneskan keim. Undir lokin heyrir tregafullur söngur hæga kaflans enn á ný, og upphafsstef fyrsta þáttar skýtur einnig upp kollinum áður en hljómsveitin setur lokapunkt með viðeigandi glæsibraug.



Joan Tower

KONSERT FYRIR HLJÓMSVEIT

Joan Tower (f. 1938) er talin eitt fremsta tónskáld Bandaríkjanna af sinni kynslóð. Hún lauk doktorsprófi í tónsmíðum árið 1968 og hefur meðal annars unnið til Grammy-verðlauna fyrir tónlist sína, auk þess sem hún var fyrsta konan til að hljóta hin virtu Grawemeyer-tónskáldaverðlaun árið 1990. Gagnrýnandi The New Yorker hefur sagt hana vera „eitt fremsta kventónskáld allra tíma“ og Carnegie Hall efndi til hátíðar með tónlist hennar árið 2004.

Tower samdi Konsert fyrir hljómsveit árið 1991 að beiðni þriggja bandarískra sinfóníuhljómsveita, í New York, Chicago og St. Louis. Eins og heiti verksins gefur til kynna fær hljómsveitin öll að spreya sig á krefjandi tónhendingum, rétt eins og í sambærilegum verkum eftir Béla Bartók, Witold Lutosławski og fleiri. Tower segir að Konsert fyrir hljómsveit hafi verið stærsta verk hennar fram að þeim tíma. Hún hafði þá nýverið samið þrjá einleikskonserter – fyrir klarínnett, flautu og fiðlu – og sú reynsla hafði á sinn hátt áhrif á meðferð hljóðfæranna í hinu nýja verki. Hún segir sjálf að í Konsertinum fyrir hljómsveit séu einleikshendingar, dúettar og tríó ekki aðeins farvegur fyrir tónrænt innihald verksins heldur einnig útgangspunktur fyrir uppbyggingu forms og tónblæ verksins.

Tower segir ennfremur: „Eins og í öllum mínum verkum reyni ég að láta hugmyndirnar sjálfar leiða af sér tiltekna framvindu, reyni að vera næm fyrir því hvernig hver ný hugmynd er viðbragð við eða afleiðing þess sem á undan kom, á sterkan og eðlilegan hátt. Þetta hef ég lært með því að kynna mér verk Beethovens í þaula. Einleiksstrófurarnar eru vissulega krefjandi en þær eru órjúfanlegur hluti verksins, útrás fyrir uppsafnaða orku fremur en að vera aðeins hannaðar til að sýna tæknilega færni. Ég þráaðist lengi við að kalla verkið Konsert fyrir hljómsveit, þar sem slíkt heiti ber ósjálfrátt með sér minningar um verk eftir Bartók og Lutosławski. Ég sættist ekki við titilinn fyrr en verkinu var lokið, og jafnvel þá með nokkrum semingi.“ Verkið er í tveimur samhangandi köflum sem taka samtals um hálfa klukkustund í flutningi.

Árni Heimir Ingólfsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur verk eftir Joan Tower. Áður hefur eitt verka hennar hljómað á Föstudagsröð hljómsveitarinnar, In Memory fyrir strengjakvartett, sem Strokkvartettinn Siggí lék árið 2019. Þess má einnig geta að árið 1998 samdi Helgi Tómasson ballettinn Silver Ladders við samnefnt hljómsveitarverk eftir Joan Tower.

30 09 20 21 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir, konsert-
meistari
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pétur Björnsson
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laura Liu

2. fiðla

Páll Palomares
Rannveig Marta Sarc
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir

Víóla

Pórarinn Már Baldursson
Lucja Koczot
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Margrét Árnadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Daniel Egan
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Soraya Nayyar

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daniel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Vikingur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Halla Oddný Magnúsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi*

Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgúlfssdóttir *sviðsstjóri*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2021
2022

SVARTA RÖÐIN

Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050